

## Skýrslugerð Hagstofu Íslands um kosningar

Hagstofa Íslands annast útgáfu opinberra talna um almennar kosningar. Að afloknum kosningum er gefin út kosningaskýrsla og talnaefni á vef stofnunarinnar, sbr.

<https://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/kosningar/> og <https://sogulegar.hagstofa.is/kosningar/>

Meðal þess sem Hagstofa birtir um almennar kosningar eru tölur um:

- fjölda kjósenda á kjörskrá
- greidd atkvæði á kjörfundi og utan kjörfundar
- aðstoð við kosningu
- kosningaþátttöku
- frambjóðendur og framboðslista
- úrslit kosninga
  - gild, auð og ógild atkvæði
  - gild atkvæði eftir stjórmálasamtökum/framboðsaðilum
  - kjörna (þingmenn, sveitarstjórnarmenn, forseta)
  - niðurstöður í þjóðaratkvæðagreiðslum

Talnaefnið er sundurliðað eftir kyni og sveitarfélögum þar sem það á við. Upplýsingar um kosningaþátttöku eru birtar eftir kyni, aldri o.fl.

**Hvaða upplýsingar þarf Hagstofa að fá til skýrslugerðar og hverjir veita henni þær upplýsingar í dag?**

### Alþingiskosningar:

1. Kjósendar á kjörskrá, greidd atkvæði utan kjörfundar og á kjörfundi eftir kyni og sveitarfélögum. Kjörsókn eftir aldri.
  - Yfirkjörstjórnir kjördæma
2. Aðstoð við kosningu utan kjörfundar og á kjörfundi eftir kyni.
  - Yfirkjörstjórnir kjördæma og sýslumenn
3. Framboðslistar og frambjóðendur með þeim upplýsingum sem þar birtast þ.m.t. kennitölu.
  - Landskjörstjórn (2017)
4. Úrslit kosninga þ.e. tölur um gild atkvæði, auða og aðra ógilda seðla eftir kjördænum, kjörna þingmenn, atkvæðamagn að baki þeim o.fl.
  - Landskjörstjórn
  - Alþingi ef Alþingi þarf að skera úr um ágreiningsatkvæði og fjöldi gildra/ógildra atkvæða breytist og atkvæðamagn að baki þingmönum. Hafa skil um þetta af hálfu Alþingis ekki verið skýr. Mikilvægt er að skýrslugerðin taki til endanlegra niðurstaðna kosninganna.

### Forsetakjör:

1. Kjósendar á kjörskrá, greidd atkvæði utan kjörfundar og á kjörfundi eftir kyni og sveitarfélögum. Kjörsókn eftir aldri.
  - Yfirkjörstjórnir kjördæma

2. Aðstoð við kosningu utan kjörfundar og á kjörfundi eftir kyni.
  - Yfirkjörstjórnir og sýslumenn
3. Frambjóðendur
  - Auglýsing ráðuneytis (sem fer með málefni almennra kosninga)
4. Úrslit kosninga þ.e. tölur um gild atkvæði, auða og aðra ógilda seðla eftir kjördænum, atkvæði sem hver frambjóðandi fékk eftir kjördænum svo og upplýsingar um afgreiðslu kærumála.
  - Hæstiréttur

#### **Þjóðaratkvæðagreiðsla:**

1. Kjósendar á kjörskrá, greidd atkvæði utan kjörfundar og á kjörfundi eftir kyni og sveitarfélögum. Kjörsókn eftir aldri.
  - Yfirkjörstjórnir kjördæma
2. Aðstoð við kosningu utan kjörfundar og á kjörfundi eftir kyni.
  - Yfirkjörstjórnir kjördæma og sýslumenn
3. Úrslit kosninga þ.e. tölur um gild atkvæði, auða og aðra ógilda seðla eftir kjördænum
  - Landskjörstjórn
4. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar
  - Landskjörstjórn

#### **Sveitarstjórarkosningar:**

1. Kjósendar á kjörskrá, greidd atkvæði utan kjörfundar og á kjörfundi eftir kyni og sveitarfélögum. Kjörsókn eftir aldri.
  - Kjörstjórnir sveitarfélaga
2. Aðstoð við kosningu utan kjörfundar og á kjörfundi eftir kyni.
  - Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga og sýslumenn
3. Framboðslistar og frambjóðendur með þeim upplýsingum sem þar birtast þ.m.t. kennitölum
  - Ráðuneyti (dómsmálaráðuneyti 2018)
4. Úrslit kosninga þ.e. tölur um gild atkvæði, auða og aðra ógilda seðla eftir sveitarfélögum
  - Kjörstjórnir sveitarfélaga
5. Kjörnir í beinum og óbeinum kosningum
  - Kjörstjórnir sveitarfélaga